

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

27. mars 2008

## Hagvöxtur á mann

Hagfræðingar beina gjarnan sjónum sínum að hagvexti til að mæla velgengni þjóðarþúskaþarins. Mælingar á hagvexti í heild taka hins vegar ekki sérstaklega tillit til íbúabróunar. Þegar tekið er tillit til mannfjöldunar fæst hagvöxtur á mann sem er talinn betri mælikvarði á þróun lífskjara einstaklinga.

Frá 1980 til 2007 óx landsframleiðslan í heild um 125% og mannfjöldinn um ríflega þriðjung, eða úr 228.161 í 311.296 manns. Landsframleiðslan óx því um 65% á mann. Í meðfylgjandi töflu má sjá meðaltal árlegs hagvaxtar í heild og á mann. Vöxturinn hefur verið ærið mismunandi eftir tímabilum.

VLF og mannfjöldi			
Árlegur meðalvöxtur, %			
	VLF	VLF á mann	Mannfjöldi
1980-1985	2,3	1,2	1,1
1985-1990	3,2	2,1	1,1
1990-1995	0,3	-0,7	1,0
1995-2000	4,9	3,8	1,0
2000-2005	4,3	3,2	1,0
2006-2007	4,1	1,5	2,6

Á fyrri helmingi níunda áratugarins var hagvöxtur hægur en jókst á síðari helmingnum. Hagvöxtur á mann þróaðist á svipaðan hátt, en var minni en hagvöxtur í heild vegna mannfjöldunar. Fyrri helmingur tíunda áratugarins var erfiður með svo til engum hagvexti og samdrætti í vexti landsframleiðslu á mann að meðaltali um 0,7% á ári. Á síðari helmingi síðasta áratugar lifnaði hins vegar yfir efnahagslífinu og var hagvöxtur að meðaltali nær 5% þau ár. Hagvöxtur á mann nam þá um 3,8% að meðaltali. Þótt hagvöxtur væri lítill rétt eftir aldamótin var hann mjög mikill árin 2004 og 2005 og var því að meðaltali um 4,3% á fyrri helming yfirstandandi áratugar, um 3,2% á mann. Hagvöxtur í heild hefur verið áþekkur undanfarin tvö ár, um 4,1%, en mun minni á mann, 1,5%. Eins og sjá má þróaðist mannfjöldinn nokkuð jafnt frá 1980 til 2005 eða um 1% á ári að meðaltali. Hin síðari ár hefur aukningin hinsvegar verið mun meiri og hagvöxtur á mann því minni sem því nemur sérstaklega undanfarin tvö ár. Aukningin stafar fyrst og fremst af því að aðstæmy fólks til landsins hefur verið vel umfram brottflutning í tengslum við mikla eftirspurn eftir vinnuafli. Rétt er að hafa fyrirvara á því að sá hagvöxtur á mann sem kemur fram í nýbirtum bráðabirgðatölum Hagstofnunar fyrir árið 2007 kann að breytast þegar fyllri upplýsingar liggja til grundvallar, en nýjar bráðabirgðatölur fyrir það ár verða birtar í september.

## Atvinnu- og íbúabróun

Skráð atvinnuleysi er tiltölulega næm vísbending um ástand í efnahagsmálum og gefur tilefni til að draga ályktanir um þróun mála um leið og þær birtast. Það er gert mánaðarlega og raunar er á vefsíðu Vinnuálastofnunar hægt að fylgjast með skráningunni daglega. Hvorki þær upplýsingar né hinar endanlegu tölur um atvinnuleysi eru þó gallalaugar.

Í lok ágúst voru 1.538 manns á atvinnuleysisrá á landinu öllu. Í lok febrúar voru þeir 1.796 og hafði fjölgað um 258. Samkvæmt upplýsingum Vinnuálastofnunar hafði atvinnulausum sem komu úr sjávarútvegi ekki fjölgað nema um 17 manns á þessu tímabili sem kann að vekja athygli í ljósi samdráttar í veiðiheimildum. Því má ekki gleyma í þessu samhengi að mannaflanotkun í sjávarútvegi hefur verið að dragast mjög saman á undanförunum árum jafnframt því sem framleiðni hefur vaxið mikið.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt skráð atvinnuleysi eftir sveitarfélögum þar sem breytingin milli ágúst og febrúar nam fleiri en 10 manns. Á höfuðborgarsvæðinu samtals hafði atvinnulausum fækkað um 57 frá ágúst til febrúar. Fjölgun atvinnulausra var mest í Reykjanesbæ og á

Atvinnulausir, fjöldi í lok mánaðar eftir sveitarfélögum			
	Ágúst 2007	Febrúar 2008	Breyting
Reykjanesbær	151	218	67
Akureyrarkaupstaður	154	187	33
Fjarðabyggð	5	32	27
Fjallabyggð	10	35	25
Sveitarfélagið Árborg	19	39	20
Dalvíkurbyggð	12	26	14
Skútustaðahreppur	1	15	14
Sveitarfélagið Ölfus	25	38	13
Sandgerðisbær	17	29	12
Sveitarfélagið Skagafjörður	8	19	11
Fljótsdalshérað	4	15	11
Bolungarvíkurkaupstaður	13	2	-11
Ísafjarðarbær	40	6	-34
Reykjavíkurborg	626	587	-39
<b>Landið allt</b>	<b>1538</b>	<b>1796</b>	<b>258</b>

Akureyri, um 67 og 33 á hvorum stað fyrir sig. Á sama tíma fjölgaði íbúum í þessum sveitarfélögum verulega. Atvinnulausum hefur fjölgað í Fjarðabyggð þar sem orsakanna er væntanlega að leita bæði í lokum álversbyggingar og samdrætti í sjávarútvegi. Skráðum íbúum hefur fækkað eftir að starfsmenn byggingarverktaka álversins luku störfum. Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 135 á síðasta ári og það kann að eiga sinn þátt í fækkun atvinnulausra þar. Í Fjallabyggð (Ólafsfjörður og Siglufjörður) fjölgaði atvinnulausum samtímis því sem íbúum fækkaði um 92. Þar er skýringa á atvinnuþróun væntanlega fyrst og fremst að leita í sjávarútvegi. Atvinnulausum fjölgaði einnig í Skagafirði en þar fækkaði íbúum um 55 á síðasta ári. Á nokkrum stöðum er mögulegt að fækkun íbúa hafi komið í veg fyrir fjölgun atvinnulausra. Þarna má nefna Hornafjörð, þar sem íbúum fækkaði um 59 meðan atvinnulausum fjölgaði einungis lítillega. Í Vestmannaeyjum fækkaði íbúum en atvinnuleysi var nær óbreytt.

## Tvísköttunarsamningur við Mexíkó

Undirritaður hefur verið samningur milli Íslands og Mexíkó til að komast hjá tvísköttun og nær samningurinn til tekjuskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að samið var um 5% afdráttarskatt af arði ef félagið sem móttekur arðinn á a.m.k. 10% í félaginu sem greiðir arðinn, en í öðrum tilvikum var samið um 15% afdráttarskatt. Þá var samið um 10% afdráttarskatt af vöxtum og þóknunum. Í sérstakri bókun sem gerð var í tengslum við samninginn er tekið fram að vextir af skiptisamningum (back-to-back loans) falli ekki undir ákvæði 2. mgr. 11. gr. Einnig er í sömu bókun ákvæði um að tvísköttunarsamningurinn komi ekki í veg fyrir að samningsríki geti nýtt sér ákvæði laga um lága eiginfjármögnun. Samkvæmt samningnum er frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun.

Jafnframt er samið um upplýsingaskipti á milli landanna varðandi þá skatta sem samningurinn nær til og er ákvæðið efnislega samhljóða endurskoðaðri 26. grein OECD móðelsins frá 2005. Í þeirri endurskoðun var bætt við nýrri 4. mgr. sem skyldar samningsaðila til að láta í té upplýsingar sé þess óskað þótt sá samningsaðili sem afhendir upplýsingarnar þurfi ekki sjálfur á þeim að halda í skattalegum tilgangi. Einnig var bætt við nýrri 5. mgr. en samkvæmt henni getur samningsaðili ekki neitað að afhenda upplýsingar eingöngu vegna þess að þær séu í vörslu banka eða annarra fjármálastofnana.

Á næstu mánuðum munu stjórnvöld vinna að fullgildingu samningsins í báðum samningsríkjum. Vonast er til að samningurinn geti komið til framkvæmda 1. janúar 2009.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	26,9	9,5
Skattar á tekjur og hagnað	17,8	5,7
Eignarskattar	-26,8	40,0
Skattar á vöru og þjónustu	56,2	17,2
Tryggingagjöld	15,7	0,8
Tekjur alls	25,9	9,3

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	10,9	15,9
Heilbrigðismál	-0,4	6,8
Alm.trygg. & velferðarmál	10,3	11,0
Efnahags- og atvinnumál	37,6	-7,6
Menntamál	7,5	21,0
Gjöld alls	11,1	11,5

Afkoma ríkissjóðs janúar		
Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	23.518	25.410
Hreinn lánsfjárfjölduður	-6.824	24.359
Afborgun lána	-60	-576
Brúttó lánsfjárfjölduður	-7.214	23.453
Lántökur	31.861	-3.550
Breyting á handbæru fé	24.647	19.903

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (febrúar)	9,8	6,8
Heildarvelta (jan.-des. '07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des. '07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (febr.)	1,1	0,9